

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2015/EES/46/06

frá 5. febrúar 2014

um framlengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað

(tilkynnt með númeri C(2014) 493)

(2014/61/ESB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

2012, ⁽⁷⁾, í sjötta sinn með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/53/ESB ⁽⁸⁾ til 11. maí 2013 og í sjöunda sinn með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/113/ESB ⁽⁹⁾ til 11. maí 2014.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru ⁽¹⁾, einkum 13. gr.,

- 4) Enn er verið að setja kveikjara, sem eru ekki barnheldir, á markað. Með efldu markaðseftirliti, allt frá markvissri sýnatöku til skilvirkra takmarkandi ráðstafana, er hægt að draga frekar úr fjölda þeirra á markaði.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/502/EB ⁽²⁾ er þess krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað.
- 2) Ákvörðun 2006/502/EB var samþykkt í samræmi við ákvæði 13. gr. tilskipunar 2001/95/EB sem takmarkar gildistíma ákvörðunarinnar við eitt ár hið mesta en veitir leyfi til þess að lengja gildistímann með viðbótartímabilum sem hvert um sig skal ekki vera lengra en eitt ár.
- 3) Gildistími ákvörðunar 2006/502/EB var framlengdur um eitt ár í senn, fyrst með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/231/EB ⁽³⁾ til 11. maí 2008, í annað sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/322/EB ⁽⁴⁾ til 11. maí 2009, í þriðja sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/298/EB ⁽⁵⁾ til 11. maí 2010, í fjórða sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/157/ESB ⁽⁶⁾ til 11. maí 2011, í fimmta sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/176/ESB til 11. maí

- 5) Þar sem ekki hafa verið gerðar aðrar fullnægjandi ráðstafanir varðandi öryggi barna í tengslum við kveikjara er nauðsynlegt að framlengja gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB um tólf mánuði til viðbótar.
- 6) Því ber að breyta ákvörðun 2006/502/EB til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 2001/95/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar 2006/502/EB komi eftirfarandi:

„2. Ákvörðun þessi gildir til 11. maí 2015.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 11. maí 2014 og birta þessar ráðstafanir. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar á stað.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 38, 7.2.2014, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 275/2014 frá 12. desember 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 198, 20.7.2006, bls. 41.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 99, 14.4.2007, bls. 16.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 40.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 81, 27.3.2009, bls. 23.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 67, 17.3.2010, bls. 9.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 76, 22.3.2011, bls. 99.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 27, 31.1.2012, bls. 24.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 61, 5.3.2013, bls. 11.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neven MIMICA

framkvæmdastjóri.
